

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, greiði stefnanda, Georg Svavari Sigfinnssyni, vegna dóttur hans, Unnar Aldísar, kr. 10.650,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. janúar 1956 til greiðsludags og kr. 1.700,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. nóvember 1959.

Nr. 141/1958. **Gerða Bjarnadóttir** (Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Jóhanni Erlendi Óskarssyni

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramanir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Skaðabótamál út af eldsuppkomu í bifreið. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn í máli þessu hér fyrir dómi, hefur skotið því til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1958. Krefst hún þess, að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 21.736,66 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. október 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins, enda verði málskostnaður í Hæstarétti dæmdur eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa tveir dómkvaddir menn látið uppi álit um það, hver líkindi séu til íkveikju, þegar reykt sé í nálægð flugelda, svo og um líkindi til sjálfsíkveikju í þeim. Er það skoðun þeirra, „að mikil hætta sé á íkveikju í þeim flugeldum, sem hér um ræðir, sé verið með

reykingar í nálægð þeirra“. Hins vegar töldu þeir ekki vera líkindi til sjálfsíkveikju í flugeldum þessum „við venjulega meðferð“.

Leitt er í ljós, að flugeldar þeir, sem um ræðir í málinu, eru seldir hömlulaust í verzlunum, og mun vera altítt, að slíkir flugeldar séu fluttir í bifreiðum. Við flutning málsins í Hæstarétti var sýnd pappaaskja, sem talin var af sömu gerð og öskjur þær, er ofangreindir flugeldar voru geymdir í. Eru pappaumbúðir þessar allsterklegar, og fellur lok vel að öskju. Leggja verður til grundvallar, svo sem sakargögnunum er farið, að lok hafi verið á öskjum þeim, er í málinu greinir. Þegar þetta er virt, var ekki líklegt fyrir fram, að flutningur varnings þessa væri skaðvænn, enda voru farþegar í bifreið stefnda allt fulltiða fólk, þar á meðal áfrýjandi. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skirskotun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Ríkissjóður greiði málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3.500,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ríkissjóður greiði málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500,00.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Gizurar Bergsteinssonar
og Jónatans Hallvarðssonar.**

Þegar slys það varð, sem í málinu greinir, var stefndi að aka farþegum gegn borgun um götur Reykjavíkur. Við hlið hans í framsæti sat áfrýjandi, og í sama sæti hinum megin við áfrýjanda sat Bjarni Guðjónsson framreiðslumaður, en auk þess voru farþegar í aftursæti bifreiðarinnar. Hafði Bjarni tvo kassa með skrautflugeldum á hnám sér, og var öðrum farþegum og stefnda um það kunnugt. Sérfróðir menn, sem dómkvaddir voru eftir uppsögu héraðs-

dóms, lýsa flugeldum þessum þannig: „Flugeldar þeir, sem hér um ræðir, eru venjulegir flugeldar, ætlaðir til skemmtunar og skrauts. Mjög auðvelt er að kveikja í þeim, þar sem kveikjuþráðurinn er úr þunnum pappír, sem auðveldlega kviknar í, ef eldur er borinn að. Af þessu verður að álíta, að mikil hætta sé á íkveikju í þeim flugeldum, sem hér um ræðir, sé verið með reykingar í nálægð þeirra.“ Samkvæmt efnagreiningu Atvinnudeildar háskólans, sem framkvæmd var að tilhlutun hinna dómkvöddu manna, var kveikjutundur flugeldanna venjulegt svart púður, en skrautljósablöndur úr baríumklórati, kalíumklórati og koli auk annarra efna, sem eigi voru sérstaklega greind vegna flókinna samsetningar þeirra og lítils magns.

Farþegar stefnda í bifreiðinni reyktu, þ. á m. áfrýjandi og Bjarni Guðjónsson. Skyndilega varð mikið neistaflug frá flugeldunum og bifreiðin þegar alelda. Stöðvaði stefndi þá bifreiðina án tafar, hraðaði sér út úr henni, náði í slökkvitæki og reyndi árangurslaust að slökkva eldinn. Farþegar þeir, er í aftursæti bifreiðarinnar voru, komust brátt slysalaust út úr henni. Bjarni Guðjónsson kveðst hafa kastað sér út úr bifreiðinni um sömu dyr sem stefndi. Telur hann sig hafa farið yfir áfrýjanda, sem fallið hafði á gólf bifreiðarinnar, án þess að hann veitti henni athygli. Strax og hann kom út úr bifreiðinni, fór hann úr frakka sínum, sem logaði utan á honum. Var honum þá sagt að hverfa frá bifreiðinni, því að sprenging mundi verða í henni. En í sama bili varð honum ljóst, að áfrýjandi mundi enn vera inni í bifreiðinni. Seildist hann þá inn í eldinn eftir áfrýjanda, sem lá algerlega ósjálfbjarga á gólfi brennandi bifreiðarinnar, og dró hana út úr bifreiðinni. Loguðu þá fót áfrýjanda, og hafði hún hlotið brunasár.

Svo sem áður greinir, eru skrautflugeldar mjög eldfimír. Telja verður, að kviknað hafi í flugeldum þeim, sem um er að tefla, frá reykingum farþega.

Í 3. tölulið 8. gr. reglugerðar nr. 72/1937, um gerð og notkun bifreiða, er bannað að flytja sprengiefni í bifreið, þar sem farþegar eru. Enda þótt flugeldarnir innihéldu efni

þau, sem að framan greinir, verður þó eigi talið, að óheimilt hafi verið eftir greindu reglugerðarákvæði að flytja þá í bifreið. Hins vegar var það stórkostlegt gáleysi að reykja í nánd við þá, svo sem gert var. Bar stefnda sem stjórnanda bifreiðarinnar að banna það, en farþegum var samkvæmt síðustu málsgrein 1. töluliðar 8. gr. reglugerðar nr. 72/1937 skylt að hlýða skipunum hans í því efni.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður að telja, að stefndi beri vegna greindrar vanrækslu sinnar ábyrgð á afleiðingum slyssins, þótt það fyrst og fremst verði rakið til gáleysis farþega þess, sem hafði flugeldana í vörzlu sinni. Þá hefur áfrýjandi með því að reykja í nánd við flugeldana og gera eigi athugasemd um gæzlu þeirra, fellt á sig nokkra ábyrgð á slysinu. Þykir eftir atvikum rétt, að stefndi í máli þessu bæti áfrýjanda tjón hennar að hálfu.

Áfrýjandi sundurliðar dómkröfu sína þannig:

1. Vinnutap	kr. 9.416,66
2. Spítalakostnaður	— 830,00
3. Fataspjöll	— 3.490,00
4. Þjáningar og lýti	— 8.000,00

Samtals kr. 21.736,66

Áfrýjandi var þegar eftir slysið flutt í slysavarðstofu Reykjavíkurbæjar, og segir svo í vottorði varðstofunnar:

„Sjúklingurinn hefur 2. stigs bruna á báðum fótum upp á mið læri, enn fremur á báðum höndum upp að úlnliðum. Smáblettur á enni. Eftir að búíð hefur verið um sárin, er konan lögð í sjúkrahús.“

Í vottorði St. P. Björnssonar lækni 14. júní 1957 er á verkum áfrýjanda lýst á sama hátt, en sagt, að sár hennar hafi verið fullgróin hinn 3. apríl 1957, er hún fór af spítala.

Samkvæmt vottorði Nausts h/f var mánaðarkaup áfrýjanda, er slysið varð, kr. 2.500,00, og laun voru henni greidd til 1. febrúar 1957. Í vottorði Bergþórs lækni Smára 14. júní 1957 er þess getið, að hún hafi byrjað að vinna af nýju 23. maí 1957.

Eins og áður greinir, loguðu klæði áfrýjanda, er henni var bjargað úr bifreiðinni, og verður að ætla, að þau hafi eyðilagzt að mestu.

Um 1.	Með skírskotun til þess, sem rakið var, þykir rétt að taka þenna kröfulið til greina með	kr. 9.000,00
Um 2.	Fjárhæð þessa kröfuliðar sætir ekki andmælum, og verður hann því tekinn til greina að fullu	— 830,00
Um 3.	Bætur samkvæmt þessum kröfulið þykja hæfilega metnar	— 3.000,00
Um 4.	Með hliðsjón af sárum áfrýjanda og sjúkrasögu þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar	— 5.000,00

Samtals kr. 17.830,00

Ber stefnda að greiða áfrýjanda helming þeirrar fjárhæðar, kr. 8.915,00, ásamt vöxtum eins og krafizt er.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3.500,00, greiðist úr ríkissjóði.

Stefndi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 6.500,00, og hljóti áfrýjandi þar af kr. 2.000,00 og ríkissjóður kr. 4.500,00.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhann Erlendur Óskarsson, greiði áfrýjanda, Gerðu Bjarnadóttur, kr. 8.915,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. október 1957 til greiðsludags.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500,00, greiðist úr ríkissjóði.

Stefndi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 6.500,00, og hljóti áfrýjandi þar af kr. 2.000,00 og ríkissjóður kr. 4.500,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. júní 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. þ. m., hefur Gerða Bjarnadóttir, Efstasundi 62 hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 10. okt. 1957, gegn Jóhanni Erlendi Óskarssyni bifreiðarstjóra, Garðastræti 43 hér í bæ, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 22.320,00, auk 6% ársvaxta frá 10. október 1957 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins hinn 21. þ. m. lækkaði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar í kr. 21.736,66, en hélt henni fram óbreyttri að öðru leyti.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómarans, en *til vara*, að krafa stefnanda verði lækkuð verulega og málskostnaður látinn niður falla.

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f hér í bæ er stefnt til réttargæzlu í málinu, en síðargreind bifreið, R-7257, var váttryggð hjá félaginu. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Aðfaranótt föstudagsins 11. janúar 1957 um kl. 01.30 ók stefndi bifreið sinni, R-7257, norður Lækjargötu hér í bænum. Var hér um leigubifreið að ræða af árgerð 1950. Maður og kona, sem stödd voru á Lækjargötu, stöðvuðu bifreiðina og stigu upp í hana. Ók stefndi þeim um stund fram og aftur um bæinn og nam að lokum staðar við sælgætisbúð á horni Bræðraborgarstígs og Túngötu. Bar þar að um líkt leyti aðra bifreið, sem í var kunningjafólk farþeganna í bifreið stefnda. Einn í þessum hópi, Kristján Einarsson að nafni, var eigandi umræddrar sælgætisbúðar. Þarna var tekið og borið út í bifreið stefnda gosdrykkir, sælgæti og flugeldar. Að því búnu var ekið af stað aftur og numið staðar uppi á Ártúnsbrekku, þar sem flugeldunum var skotið. Bættust nú þrír farþegar í bifreið stefnda, og var ekið áleiðis vestur í bæ. Var numið staðar við fyrrgreinda sælgætisbúð til þess að ná þar í sígarettur. Búðareigandinn og annar úr hópi farþega, Bjarni Guðjónsson að nafni, fóru inn í búðina þeirra erinda. Er þeir komu aftur, höfðu þeir meðferðis tvo pappakassa með flugeldum í. Var lok á hvorum kassa og teygjuböndum bundið yfir þá, en kassarnir festir saman með teygju eða snæri. Bjarni Guðjónsson settist í framsæti bifreiðarinnar við hlið stefnanda, er sat á milli hans og bifreiðarstjórans. Hafði Bjarni kassana með flugeldunum í á hnjám sér. Stefndi var nú beðinn að aka eitthvað inn fyrir bæ. Ók hann áleiðis inn á Suðurlandsbraut. Er komið var inn undir

Múla, varð skyndilega vart við mikið neistaflug úr flugeldakössunum, og skipti það engum togum, að bifreiðin varð brátt alelda. Stefndi stöðvaði bifreiðina þegar í stað, svipti opinni vinstri framhurðinni og hraðaði sér út. Kveðst hann þegar hafa opnað farangursgeymslu bifreiðarinnar og tekið þar handslökkvitæki, er hann hafi sprautað úr á eldinn, en hann hafi þá verið svo magnaður orðinn, að það hafi engan árangur borið. Af farþegunum í bifreiðinni er það að segja, að þau þrjú, sem setið höfðu í aftursætinu, komust svo að segja strax út úr bifreiðinni lítið sem ekkert meidd, en höfðu orðið fyrir einhverju fatatjóni. Bjarni Guðjónsson kveðst hafa kastað sér út úr bifreiðinni, um leið og stefndi snaraðist út úr henni, og kveðst viss um, að hann hafi farið út um sömu dyr og stefndi. Kveðst hann ekki hafa orðið var við stefnanda og telur, að hún muni þá hafa verið fallin í gólfið og hann farið yfir hana. Er hann kom út úr bifreiðinni, hafi frakki hans logað, og hafi hann strax farið úr honum. Er hér var komið, kveðst hann hafa heyrt, að einhver kallaði til hans að forða sér frá bifreiðinni, því að sprenging mundi verða. Samtímis hafi honum orðið ljóst, að stefnandi var enn inni í bifreiðinni. Kveðst hann því hafa seilt eftir henni inn í eldinn og dregið hana út um vinstri framdyrnar. Logaði kápa stefnanda þá, og var hún þegar færð úr henni.

Um leið og atburðir þessir voru að gerast, bar þarna að bifreið, sem var á leið í bæinn. Var ökumaður hennar beðinn um að kveðja á vettvang slökkvilið og lögreglu. Brá hann skjótt við og hafði samband við slökkviliðið í gegnum brunaboða á húsinu nr. 126 við Laugaveg. Kom slökkviliðið brátt á vettvang með tæki sín, en þá var flest það í bifreiðinni brunnið, sem brunnið gat. Mun yfirbygging bifreiðarinnar hafa eyðilagzt að mestu.

Stefnandi hlaut allmikil brunasár og varð verst úti af þeim, sem í bifreiðinni voru. Bjarni Guðjónsson brenndist á báðum höndum, í andliti og á vinstra fæti, er hann bjargaði stefnanda út úr bifreiðinni. Einn af farþegunum þrem, sem í aftursætinu sátu, Anna Berta Einarsdóttir, brenndist að vísu ekki, en hár hennar sviðnaði örlítið. Þessir þrír farþegar voru þegar í stað fluttir í slysavarðstofuna, þar sem gert var að meiðslum þeirra. Aðrir, sem í bifreiðinni voru, virðast ekki hafa orðið fyrir meiðslum.

Allir farþegarnir höfðu verið að skemmta sér í veitingahúsi einu hér í bænum, áður en lagt var upp í umrædda ökuferð. Unnu þeir allir utan Kristján Einarsson í veitingahúsinu Nausti á þessum tíma. Það er ekki alveg ljóst, með hverjum hætti eldurinn kviknaði, en

telja má víst, að neisti frá sigarettu hafi valdið honum. Virðast reykingar hafa verið þarna um hönd hafðar, og svo er að sjá, að einhverjir farþeganna hafi verið undir áhrifum áfengis. Þykir rétt að rekja framburði farþeganna og stefnda um þessi atriði.

Stefndi kveður farþegana hafa reykt í bifreiðinni, einnig Bjarna Guðjónsson, sem hélt á flugeldakössunum. Kveðst stefndi fyrst hafa orðið eldsins var þannig, að neistaflug hafi dunið á honum úr kjöltu Bjarna. Stefndi kveður farþegana hafa verið eitthvað lítils háttar undir áhrifum áfengis og kveðst halda, að þeir hafi haft meðferðis eitthvað lítils háttar af áfengi. Bjarni Guðjónsson kveðst ekki muna, hvort hann hafi verið að reykja, þegar slysið varð. Hann kveðst ekki heldur muna, hvort stefnandi hafi þá verið að reykja. Annars hafi allir í bifreiðinni reykt nema ef til vill ekki stefndi. Bjarni kveðst einskis óvenjulegs hafa orðið var, fyrr en neistaflug kom úr kössunum, sem flugeldarnir voru í, og allt varð á svipstundu í eldhafi. Hann kveðst vera viss um, að hann hafi verið með flugeldakassana á hnjónum, þegar eldurinn kviknaði, en ekki geti hann gert sér grein fyrir því, til hvorrar handar þeir hafi fallið. Bjarni kveðst telja, að allir, sem í bifreiðinni voru, hafi verið eitthvað undir áhrifum áfengis nema stefndi og maður að nafni Guðmundur Grétar Hafsteinsson. Kristján Einarsson kveður eitthvað hafa verið reykt í bifreiðinni. Ekki muni hann þó sérstaklega, hvort þau, sem frammi í sátu, hafi verið að reykja, er eldurinn kviknaði. Eldsins kveðst hann fyrst hafa orðið var þannig, að hann hafi heyrt eitthvert „hviss“, og á sama tíma hafi bifreiðin fyllt af brælu. Kristján kveðst ekki geta um það sagt, hvort farþegarnir hafi verið undir áhrifum áfengis, en hafi svo verið, hafi þess a. m. k. gætt mjög lítið. Guðmundur Grétar Hafsteinsson kveður töluvert hafa verið reykt í bifreiðinni, en man ekki, hvort reykt var um það leyti, er eldurinn varð laus. Hann kveður aðra farþega en sig munu hafa verið lítils háttar undir áhrifum áfengis. Anna Berta Einarsdóttir kveður annaðhvort þeirra Bjarna eða stefnanda hafa verið að reykja, þegar eldurinn kom upp, en man ekki, hvort þeirra það hafi verið. Hún kveður stefnanda, Bjarna og Kristján öll hafa verið nokkuð undir áhrifum áfengis. Stefnandi kveðst litla athygli hafa veitt flugeldakössunum, er komið var með þá inn í bifreiðina. Þannig hafi hún ekki veitt því athygli, hvort þeir voru einn eða tveir eða hvort lok var á þeim. Stefnandi kveðst ekki hafa verið að reykja, er slysið varð, en hún muni ekki, hvort hún hafi verið að reykja stuttu áður. Ekki kveðst hún heldur muna, hvort Bjarni eða aðrir far-

þeganna hafi verið að reykja um það leyti, er eldurinn kom upp. Kveðst stefnandi einskis óvenjulegs hafa orðið vör, fyrr en hún heyrði „hviss“ og miklar eldglæringar gusu upp. Stefnandi kveðst aðeins hafa bragðað áfengi, sem einhver farþeganna hafi haft um hönd, en ekki hafi hún tekið eftir því, að nokkur í bifreiðinni væri undir áhrifum áfengis.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að stefndi beri fébóta-ábyrgð á tjóni því, er hún beið af völdum nefnds slyss, m. a. samkvæmt ákvæðum bifreiðalaga. Er sérstaklega vakin á því athygli, að stefnda hafi verið um það kunnugt, að flugeldar voru fluttir í bifreiðinni, svo og það, að farþegarnir reyktu. Þá er því hreyft, að björgun stefnanda út úr bifreiðinni hafi ekki farið örugglega úr hendi.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að ljóst sé, að slys það, sem um ræðir, verði á engan hátt rakið til notkunar bifreiðarinnar. Komi því sönnunarregla 34. gr. laga nr. 23/1941 ekki til greina hér. Af þessu leiði, að stefnandi geti aðeins reist bótakröfu sína á því, að um sök hafi verið að ræða hjá stefnda. Á hann hafi hins vegar engin sök verið sönnuð. Það sé fram komið, að allir farþegarnir hafi verið saman um leigu bifreiðarinnar. Hið eina, sem geti komið til álita í því sambandi, sé það, að hann skyldi láta það viðgangast, að flugeldarnir væru hafðir inni í farþegarúmi bifreiðarinnar, þar sem farþegarnir reyktu. Í þessu efni er því fyrst og fremst mótmælt af stefnda, að honum hafi verið um það kunnugt, að flugeldar voru í umræddum kössum. Yrði ekki á þau mótmæli fallizt, geti þó vart til þess komið, að þetta verði metið honum til sakar, þar sem hér hafi verið um að ræða flutning sprengiefnis, sem almennt sé talið hættulítið. Þá er athygli vakin á því, að farþegarnir hafi allir verið saman um leigu bifreiðarinnar, og verði því að líta á þá sem eina heild gagnvart stefnda. Stefnandi hafi setið við hlið þess manns, er varðveitti flugeldakassana, svo sé að sjá, að hún hafi verið að reykja um það leyti, sem eldurinn kviknaði, og enn fremur hafi hún verið undir áhrifum áfengis. Verði ekki á sýknukröfuna fallizt, telur stefndi, að ekki komi til mála, að lagður verði á hann nema örlítill hluti af því tjóni, er stefnandi beið.

Það er augljóst, að slys það, sem mál þetta fjallar um, verður ekki rakið til notkunar bifreiðarinnar í merkingu 1. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Á því hin sérstaka sönnunarregla, sem þar er lögfest, ekki við hér.

Önnur skýring á eldsupptökunum verður ekki fundin en sú, að

neisti frá vindlingi hafi komizt að flugeldunum. Farþegarnir í bifreiðinni voru saman um að taka hana á leigu, og eigi verður annað séð en flugeldarnir hafi verið í farþegarými bifreiðarinnar með vitund og vilja þeirra allra. Stefnanda var kunnugt um, að sessunautur hennar hafði flugeldana hjá sér, og henni mátti vera ljóst, að hættulegt var að reykja í nálægð þeirra, þar sem sjá mætti fyrir, að í þeim gæti kviknað, eins og reyndin varð. Þrátt fyrir þetta lét stefnandi það ekki einasta átölulaust, að sessunautur hennar reykti, heldur reykti hún sjálf.

Það var að vísu ámælisvert af stefnda að láta það viðgangast, að reykt væri í bifreiðinni, úr því að flugeldarnir voru geymdir í farþegarými hennar, en telja má fullvíst, að stefnda hafi verið um það kunnugt. Þrátt fyrir það þykir ekki alveg næg ástæða til að fella sök á stefnda, eins og atvikum var hér háttað. Verður því fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins ekki lögð á stefnda, en af því leiðir, að sýkna ber hann af kröfum hennar í málinu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhann Erlendur Óskarsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Gerðu Bjarnadóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.
